



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands

Fjölheimum 10. september 2013 kl. 13.00

Mætt eru: Davíð Samúelsson, Ásbjörn Jónsson, Lára Ásbergisdóttir, Sigrún Kapítóla Guðrúnardóttir og Þórir Erlingsson og Þorvarður Hjaltason.

Framvinduskýrsla

- Davíð fór yfir framvinduskýrsluna. Markaðsherferð á Winterwonderland og samfélagsmiðlun. Instagram leikur. Ferðaþjónustuaðilar áhugasamir um að vera þátttakendur og það er nauðsynlegt til þess að hægt sé að veita vegleg verðlaun. Vinna í samstarfi við framhalds- og menntaskólana á Suðurlandi.
- South.is - Þessari síðu hefur verið haldið í horfinu, en á henni eru margir gallar og tími til kominn að skipta henni út.
- Landshlutabæklingurinn, er orðinn sá stærsti sem er gefinn út. Hann er mjög glæsilegur og í ár voru fengnir kostunaraðilar á auglýsingar sem er að skila góðri innkomu sem kemur á móti prentunarkostnaði, en það kostar mikið að prenta hann eða um 3 millj.kr. Dreifingu bæklingins er markvisst miðað á rétta staði.
- Pakkafundir, þeir sem núþegar hafa verið haldnir, hafa skilað áhugaverðum og góðum árangri. Stefnt að því að 10 pakkar verði tilbúnir fyrir jól, en núþegar eru 6 pakkar tilbúnir.
- Suðurlandskortid, gekk vel og í framhaldinu í bígerð að gera borðkort.
- Almanntengsl – fjölmiðlar. Unnið í samstarfi við Íslandsstofu um að greina þá fjölmiðla sem óska eftir að koma í kynningarferð og velja og hafna með tilliti til þess hvað heimsókn viðkomandi inn á svæðið geti í raun skilað svæðinu í hag.
- Samráðsfundir / vinnustofur með hinum markaðsstofunni.
- Ýmis önnur atriði í skýrslunni
- Fundarmenn almennt ánægðir með verkefni sem kynnt voru í skýrslunni engar sérstakar umræður um efni skýrslunnar.

Markaðsmál

- Endurgerð heimasíðu www.south.is
Davíð fór yfir helstu þætti ástæðu þess að verið er að fara í breytingar á landshlutasíðunum. Kostnaðarliði og fl.
Umræður um vefsíðumál og ýmsar hliðar þess ræddar.
Stjórn ákvað að samþykkja fjárveitingu í verkefnið, en ekki hafði verið gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárhagsáætlun.
- Sóknaráætlun 2020
 - Ný heimasíða: www.winterwonderland.is
 - markaðssetning heimasíðu – samfélagsvefir



Markaðsstofa Suðurlands

Sýningar og kynningar

Davíð fór yfir það hvaða sýningar og workshop hann vill sækja, forsendur þessa vals og kostnaði við sýningar. Einnig fór hann yfir post- og pre tours í tengslum við Mid Atlantik.

Suðurlandskynning í sendiráðinu í Brussel. Davíð lýsti hugmyndinni á bak við þetta verkefni og mun leggja fyrir stjórn kostnaðaráætlun hvað þetta varðar.

Suðurlandskynning í Reykjavík. Hugmyndir ræddar. Stefnt að því að halda þetta í nóvember.

- Mid Atlantic 2014
- Workshop í Skandinavíu
- Tur 2014
- Suðurlandskynning í sendiráðinu Brussel
- Sunnlenskur bændmarkaður

Uppskeruhátíð

- Staðsetning – tími
Umræður um tímasetningu og stað. Uppskeruhátíðin verði haldin í Hveragerði, 21. nóvember.

Umræður um málþing í tengslum við aðalfund SASS sem stefnt er að því að halda málþingið 23. október

Stjórnarfundir – fundartímar

Sigrún lagði fram ósk um að snertifundir verði framvegis haldnir ýmist á mánudögum eða miðvikudögum kl 13.

Kaup á nýrri tölvu

Stjórn samþykkir að Davíð fái að kaupa nýja tölvu.

Önnur mál

Umræður um fund fundartíma stjórnarfunda. Að reyna halda fundina sem frekast kostur er annan mánudag í byrjun mánaðar.

Davíð ræður að umræður hafi verið um starfsemi markaðsstofunnar, að misræmi sé á milli þess hversu mikið markaðsstofan vinnur fyrir hvern og einn. Mikilvægt að stjórn aðstoði við að útskýra stöðu og vinnuaðferðir markaðsstofunnar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 14:40

Sigrún Kapítola ritaði fundargerð.